


Helga Pálína Brynjólfssdóttir

# VAFNINGAR INTERLACED



Listasafn Sigurjóns Ólafssonar  
1. febrúar til 11. maí 2025

## VAFNINGAR

Þetta hófst allt norður í Ólafsfirði, þegar afi Helgu Pálínu hafði það á orði við hana að stúlkur gætu ekki lært smíði. Hún hlýddi því ekki, heldur skráði sig í smíðakennaradeild Kennaraháskólans og sannaði hið gagnstæða þegar hún brautskráðist þaðan árið 1980. Tveimur árum seinna, 1982, hélt hún svo til Finnlands til að stunda nám í textílhönnun.

Eftir námið sneri hún heim, kenndi hönnun og handverk, stofnaði Sneglu listhús með vinkonum, framleiddi ýmsa nytjahluti og gerði stundum bókakápur. Á sumrin leiðsagði hún erlendum ferðamönnum um hálendi Íslands. Ferðirnar voru innblástur fyrir sköpunargáfu hennar eins og margra annarra íslenskra listamanna. Kraftur íslenskrar náttúru, berangur hennar sem gerir allt læsilegt, verður að rannsóknarstofu sem hún sækir endurtekið í. Vatn, jöklar, eldur, svartur sandur, mosi, hraun – hið óendanlega úrval lita sem breytast með árstíðum og leika við skynfæri okkar – allt þetta nærir ímyndunarafli hennar og sköpunarkraft.

Það var að hausti, upp úr aldamótum, þegar Helga var á göngu í rigningu nálægt Kleifarvatni, að hún fór að rýna nánar í móbergið. Þessi steintegund verður til úr gosösku og blönduðum steinefnum, sýnir lög af mismunandi litum, köldum og hlýjum í senn, og Haraldur Sigurðsson jarðfræðingur kallaði „stein Íslands“, varð efniviður hennar. Hún nálgast hann eins og nýja tegund af textíl, fléttar saman skær lituðum þráðum sem tengja saman þessi brot úr hrárrí náttúru, sem er mynduð úr ólgandi iðrum jarðar, og fínleika þráðanna. Þannig fá bæði efnin nýtt líf og gljáa.

Viðarkubbarnir sem hún fann í eldiviðarkörfu við sumarbústað vina sína fá sömu meðferð, hún umbreytir þeim í textílmálverk, markar rákir til að vefja saman þræði ólíkra lita og tóna.

Flæktir þræðirnir skapa rúmfræðileg form eða frjáls. Flækjan dregur fram fegurð formsins, tengsl milli lárétts og lóðrétts, hrynjandi, mikilvægi efnisins og ýkir víðfeðm áhrif sem kallast á við ýmis vinsæl mynstur í list og formum frá frumbyggjum rómönsku Ameríku.

Þessir blönduðu hlutir öðlast virkni. Þeir eru hlaðnir nýrri, næstum göldróttri orku, draga jafn mikið á hinn jarðneska kraft viðarins, hins fasta efnis, eins og flæðið í þráðunum. Það skapast óvænt samtal í rammanum sem Helga Pálína skapar með reglunum sem hún setur efninu.

Fjölbreytileiki þráðanna er jafn takmarkalaus og nytsemi þeirra. Hvort sem þeir eru úr ull, hör, bómull, silki eða næloni, eru notaðir til að sauma, þræða, vinda, vefja flétta, prjóna, hekla...

Þræðirnir eiga djúpar rætur og goðafræðin segir okkur margar sögur af þeim. Voðin sem Penelópa vefur, rekur upp og vefur aftur og aftur til að stöðva tímann og flýja örlög sín; Ariadne sem vindur utan af syni sínum til að vísa Peseusi leiðina út úr völundarhúsinu, og vefur nornanna Urðar, Verðandi og Skuldar við rætur veraldartrésins Yggdrasils í norrænu goðafræðinni minna á hve hverfult lífið er.

Rétt eins og texti rammar inn orðin kveikir orðið textíll tengingu við áferð og texta. Helga Pálína hefur lengi haft

áhuga á sambandi bóka og textíla, sem hún þróar við gerð bókverka samhliða myndverkum sínum.

Um mynstrið sitt, Tóftir, segir Helga Pálína:

„Rústir torfbæja finnast um allt Ísland, margar hafa verið mældar upp, skráðar og teiknaðar. Þessi form birtast í landslaginu - máð af veðri og vindum, eyðilögð að miklu leyti - sem tákn gamla tímans eða sem nokkurs konar stafróf.“

Í þessu mynstri birtast þau eins og skuggar úr fortíðinni.

Laufey Helgadóttir



Pakkir fá:

Appart\_323, Laufey Helgadóttir, Bernard Ropa, Luc Boegly, Svanborg Matthíasdóttir, Margrét Jónsdóttir, Jórunn Sigurðardóttir, Silja Bára R. Ómarsdóttir og Gunnar St. Ólafsson.

Ljósmynd: Luc Boegly